

dæmisögu og þykja séra Friðrik taki sér helzt til alvarlega og til inntekta „professors“ nafnið er honum hefir verið gefið, alt eins mikið í gamni eins og alvöru. — —

Þannig hefir þá þetta mál snúist og leiðtogar vorir meðhöndlað það; tekið það algjörlega út frá því sjónarmiði, sem það hefði átt að skoðast og ræðast frá hálfu blaðanna, ef blöðin eiga að vera mönnum til leiðbeininga í því sem þeir hugsa og áforma. Persónulegheit í stað málefnis, drýgindi í stað sætta, moldviðri í stað upplýsinga, það er sorglegur vitnisburður um kraftleysi vort að hugsa, viljaleysi vort að íhuga. En alt stafar af því eina og sama—„prinsíp“-leysi. Vér sjáum menn og einstaklinga, vér sjáum flokka og fylkingar, en það er örsjaldan að vér sjáum fyrir hverju strítt er og stritað,—málefnið sjálft. Og svo er það líka farið að verða svo að vér kær-um oss ekki þótt vér sjáum ekki málefnið; þau mega eiga sig. Vér sjáum formanninn og nóg að komast á fleytuna hjá honum, brúka þá beitu sem hann leggur til, renna út færinu þar sem hann segir fyrir, til hvers svo sem afliun er notaður eftir á. „Liberal“ eða Conservative“, lútherskur eða únítariskur þýðir í huga fjölda margra aðeins viss *félags starð*, ekki sérstök stefna, skoðun eða hugsjónir. Ekki það að þessar félagsstærðir hafi nokkurt takmark, sem áhrif, hugsanir og tilgangur þeirra stefni að.

Menn láta það sem vind um eyru þjóta þótt talað sé um stefnu þessara ýmsu félagsheilda, vegna þess að orðið „félag“ hefir gleypt orðið „stefna“, eins og horuðu kýrnar þær feitu. Keppnin er öll í því fölginn að „stærðin“ *sýnist* sem mest. Það er leiðtoganna skuld. Þess vegna er það líka aðaláhugaefnið, þegar í missætt slæst, að minka móttstöðumann sinn sem mest, í stað þess að taka duglega ofan í við kenningar hans og málstað.

Og það er það sem einkent hefir blaðamál þessi alla leiðina. Og að því leyti eru þau sannur spegill þjóðlífs vors hér í borginni. Að vér getum aftur um Breiðabliks-greinina, þar kemur þessi hugsun svo bersýnilega fyrir. Baldwin hafði öðlast allmikla „stærð“ í augum margra fyrir svar sitt til séra Jóns.